

2. Að safna búreikningum víðs vegar af landinu, bæði frá einstökum bændum og félagsbúum, með það fyrir augum að fá sem réttasta mynd af búrekstri bænda í heild og jafnframt af einstökum greinum landbúnaðarins.
3. Að gera upp búreikninga, er stofnuninni berast og færðir eru í samræmi við þær reglur, sem hún setur, hlutaðeigendum að kostnaðarlausu, og vinna úr þeim tölulegar upplýsingar um allar greinar landbúnaðarins, eftir því sem efni standa til. Senda skal viðkomandi bónda búreikning hans, uppgerðan, í samráði við búnaðarhagfræðiráðunaut, eins fljótt og við verður komið, og auk þess birta yfirlitsskýslu um niðurstöður búreikninganna fyrir hvert ár fyrir sig.
4. Að gefa út aðgengileg eyðublöð fyrir búreikninga með glöggum skýringum.
5. Að gangast fyrir búreikninganámskeiðum til leiðbeiningar bændum, er búreikninga vilja halda.
6. Að vinna að því, með útgáfustarfsemi, námskeiðum og á annan hátt, í samráði við búnaðarhagfræðiráðunauta Búnaðarfélagsins og aðra starfsmenn þess, að útbreiða meðal bænda hagnýta þekkingu á niðurstöðum búreikningastarfseminnar.
7. Að vera ríkisstjórn og þeim aðilum, er hverju sinni fara með verðlags- og framleiðslumál landbúnaðarins, til aðstoðar við útreikninga eða gagnasöfnun, að því leyti sem slíkt fellur innan starfssviðs stofnunarinnar, eins og það er ákveðið með lögum þessum.

4. gr.

Forstöðumanni búreikningastofnunar og öðrum starfsmönnum hennar er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um embættis- og sýslunarmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá því, er þeir komast að sökum starfs síns um efnahag eða tekjur einstakra manna eða stofnana.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um 1. gr.

Öbreytt frá gildandi lögum, og þarfnast því eigi skýringa.

Um 2. gr.

Ákvæði núgildandi laga um greiðslu kostnaðar við búreikningastarfsemina, eru úrelt og óraunhæf með öllu, enda ekki eftir þeim farið. Nefndin telur eðlilegt, að þetta atriði verði háð afgreiðslu fjárlaga hverju sinni.

Um 3. gr.

Þessi grein fjallar um hlutverk búreikningastofunnar. Með tilliti til breyttra viðhorfa frá því sem var fyrir 30 árum, er núgildandi lög voru sett, telur nefndin rétt að gera hér ýmsar breytingar. Félög bænda, stofnuð í þeim tilgangi að færa búreikninga, munu aldrei hafa verið stofnuð, og má því telja þau ákvæði laganna, er um slíkt fjalla, óraunhæf, og er því lagt til, að þau falli niður, en hins vegar gert ráð fyrir færslu búreikninga á vegum félagsbúa.

Að öðru leyti lítur nefndin svo á, að búreikningarnir eigi tvíþættu hlutverki að gegna; í fyrsta lagi að vera bændum til leiðbeiningar um það, hvaða fyrirkomulag búrekstrar og hvaða búgreinar gefi mestan arð, og í öðru lagi að veita stjórnarvöldum, ekki sízt þeim, er með verðlagsmál landbúnaðarins fara, sem gleggstar upplýsingar um afkomu búrekstrarins, að því leyti sem slíkt að öðru leyti er innan verkahringis þessarar starfsemi. Tillögur þær, sem nefndin gerir um ákvæði laganna um hlutverk búreikningastofunnar, eru byggðar á þessum meginsjónarmiðum.

Í samræmi við þetta hefur nefndin lagt til, samkvæmt 3. og 6. lið 3. gr., að búreikningastofunni sé skylt að senda bændum þeim, er búreikninga halda, búreikn-

inga þeirra uppperða, og hafa þar um samráð við búnaðarhagfræðiráðunaut Búnaðarfélagins; enn fremur (sbr. 6. lið) að stofnunin skuli vinna að því á þann hátt, sem nánar er tilgreint, að útbreiða meðal bænda hagnýta þekkingu á niðurstöðum búreikningastarfseminnar. Þá er, samkv. 7. lið greinarinnar, sérstök skylda lögð búreikningastofunni á herðar um það að vera þeim aðilum, er með verðlagsmál landbúnaðarins fara hverju sinni, til aðstoðar, að því leyti sem slíkt að öðru leyti fellur undir starfssvið stofnunarinnar.

Um 4. gr.

4. gr. nágildandi laga, er fjallar um skyldu skólábúa bændaskólanna og annarra ríkisstofnana til þess að halda búreikninga, er, að álitni nefndarinnar, tilgangslaus, og leggur hún því til, að hún verði felld niður. 5. gr. laganna, er þá yrði 4. gr., leggur nefndin hins vegar til, að sé látin standa óbreytt.

Greinargerð um helztu breytingar á sviði búreikninga og vinnsluaðferða.

Frá því að búreikningaskrifstofan hóf starfsemi sína fyrir um það bil 30 árum, hefur uppsetning búreikninga og vinnsluaðferð verið nær óbreytt.

Í þessum búreikningum hefur tekjum og gjöldum verið skipt á fleiri eða færri búgreinar, auk eiganda og matreiðslu. Niðurstöður þessara búreikninga gáfu mikilvægar og nákvæmar tölfræðilegar upplýsingar um fjárhagslega afkomu einstakra búgreina og búsinns í heild, auk vinnukostnaðar við einstök framleiðslustörf og framleiðslukostnað einstakra vörutegunda, eins og fram kemur í ársskýrslum skrifstofunnar síðastliðinna 30 ára, sem á margan hátt eru mjög fullkomnar.

Rekstraryfirlit hvers búreiknings gaf viðkomandi bónda upplýsingar um, hvaða búgreinar væru reknar með hagnaði eða tapi og heildarafkomu búsinns (innifalið heimilishald).

Þó skorti á, að það lægi nógu ljóst fyrir bændum, hvar veikleika væri að finna í búrekstrinum, er gæfi visbendingu um, hvert stefna skyldi til tekjuaukningar.

Búreikningshaldið var mjög vinnufrekt og bændum ætlað að færa búreikning án nokkurrar verulegrar aðstoðar og senda síðan búreikninginn 3—4 mánuðum eftir lok reikningsársins til uppgjörs og úrvinnslu. Rekstraryfirlit gat þar af leiðandi ekki borizt viðkomandi bændum fyrir en 6—12 mánuðum eftir lok reikningsársins. Þessir búreikningar hafa ekki orðið til þess að glæða almennt áhuga meðal bænda fyrir færslu búreikninga, og vegna þess hve fáir færðu þá, voru niðurstöður þeirra notaðar minna en skyldi.

Árið 1963 var hafizt handa með útsendingar einfaldra búreikninga, sem nú hafa verið í notkun í nær þrjú ár, og verið almennt tekið vel af bændum og vakið áhuga þeirra. Þessir síðastnefndu búreikningar gáfu upplýsingar um afkomu búrekstrarins í heild, en ekki einstökum búgreinum. Vinnuskýrsla var ósundurliðuð, og þar af leiðandi ekki nógu nákvæm.

Augljóst var, að brýn nauðsyn var á endurbótum, bæði hvað varðar uppsetningu og framkvæmd búreikningshalds.

Nokkur atriði varðandi uppsetningu og framkvæmd nýrra búreikninga:

A. Stuðzt hefur verið við:

reynslu liðinna ára hér á landi,
reynslu Breta og Hollendinga,
búskaparhætti íslenzkra bænda,
bókhald viðskiptaaðila bænda,
þekkingu bænda á bókhaldi.

B. Höfð hefur verið hliðsjón af því, að búreikningar veittu upplýsingar um eftirfarandi atriði:

fjárhagslega afkomu einstakra búgreina og búsinns í heild,
hagfræðilegar upplýsingar fyrir leiðbeiningaþjónustu,
ýmis tölfræðileg atriði varðandi framleiðslukostnað.

C. Mikil áherzla hefur verið lögð á, að úrvinnsla verði hröð.

Endanlega hefur verið ákveðið, að bændur útfylli nokkrar tegundir eyðublaða (sjá síðar), sem þeir senda mánaðarlega til Búreikningaskrifstofunnar, til endurskoðunar og uppgjörs.

Tekjur og rekstrarkostnaður verður ekki sundurliðaður af bændum, eins og verið hefur, en í stað þess af starfsmönnum skrifstofunnar, eftir þeim reglum, er stofan setur.

Þetta fyrirkomulag gefur möguleika á að fylgjast vel með, hvernig hverjum bónda gengur við færslu frumgagna og þá hægt að veita nauðsynlegar leiðbeiningar. Auk þess verður úrvinnsla hraðað, þar sem unnið verður úr öllum frumgögnum jafnóðum og þau berast. Vonir standa til, að rekstraryfirlit verði tilbúið skömmu eftir, að síðustu gögn reikningsársins hafa borizt skrifstofunni.

Hér á eftir fylgir nánari skýring á endurskipulagningu skrifstofu og búreikningaeyðublaða.

Heildarverksviði skrifstofunnar má skipta í fimm aðalflokka:

1. Úrtak og/eða val bænda til búreikningshalds.
2. Söfnun frumgagna og leiðbeininga við færslu þeirra.
3. Færslur tölulegra gagna og sundurliðun.
4. Rekstraryfirlit (uppgjör) hvers búreiknings.
5. Ársskýrsla skrifstofunnar.

1. Úrtak og/eða val bænda til búreikningshalds.

Ákveðið var að velja bændur eftir þrem aðferðum:

a. Gagnasöfnun fyrir sex-manna nefnd.

Gert var úrtak 7. hvers bónda, en úrtaksstofn mynduðu allir þeir, sem samkvæmt hagskýrslumerki skattstjóra voru sjálfstæðir bændur.

Úr aðalúrtakinu voru tekin þau bú, sem voru 35% minni en grundvallar-búið (315 ærgildi, reiknað í ærgildum kinda og nautgripa) og 40% stærri en grundvallarbúið.

Í sérúrtakið komu þau bú, sem voru á stærðarbilinu 200—440 ærgildi. Fjöldi búa reyndist vera 98, þegar öll afbrigðileg bú voru felld úr, (t. d. félagsbú, svínabú, hænsnabú og fleira).

Alls voru 80 bú tekin í endanlegt úrtak, í réttu hlutfalli við skiptingu aðalúrtaksins á landssvæði (þ. e. úrtaksaðferð við stratified random, sample, þar sem landssvæði voru notuð sem stratum).

Af þessum 80 bændum svöruðu 53 játandi, en 27 neitandi.

b. Þar sem stærri búin eru allflókinn viðskiptarekstur, var ákveðið að velja 88 bú, sem eru stærri en 440 ærgildi. Auk þess féllu í þetta úrtak félagsbú, er féllu úr fyrrnefndu úrtaki, svo og mjög afbrigðileg bú (svína- og hænsnabú).

Af þessum 88 bændum svöruðu 47 játandi og 41 neitandi.

c. Áhugamenn.

22 bændur hafa skilað sundurliðuðum búreikningum undanfarin ár og skipta nú um búreikningsform.

Um 30 bændur aðrir höfðu óskað eftir aðstoð við færslu búreiknings, og var þeim að sjálfsögðu send eyðublöð til búreikningsfærslu.

Samtals hefur 152 bændum verið send eyðublöð fyrir áramótin 1966—67.

2. Söfnun frumgagna og leiðbeiningar við færslu þeirra.

Hjálagt þessari greinargerð er lausblaðabók, er inniheldur fjórar tegundir eyðublaða:

a. **Vinnuskýrsla.**

Vinnuskýrsla er sundurliðuð í 5 aðalflokka. Búgreinar, Jörð, Viðhald og Rekstur, Fjármunamyndun og Annað. Hverjum flokki er skipt í fleiri eða færri verklíði, — sjá eyðublöð. Ætlað er til, að færð verði dagsvinnuskýrsla fyrir hvern einstakling, er vinnur við búreksturinn. Auk þess er færð vinnuskýrsla fyrir dráttarvélar og bíl, eftir sömu reglum og einstaklings.

Vinnuskýrsla er lögð saman hálfsmánaðarlega og samtalstölur fluttar á safneyðublöð.

Frumgögnin verða send til Búreikningaskrifstofunnar.

b. **Sjóðsbók.**

Sjóðsreikningur nær yfir öll peninga- og ávísanaviðskipti. Sjóðsreikningur er í tvíriti og frumblaðið sent til Búreikningaskrifstofunnar.

c. **Viðskiptabók.**

Viðskiptabók nær yfir öll reikningsleg viðskipti allra viðskiptaaðila. Viðskiptareikningar eru einnig í tvíriti og frumblöðin sent til Búreikningaskrifstofunnar.

d. **Listi fyrir heimanotaðar afurðir og bústofnsbreytingar.**

Ofangreindar fjórar tegundir eyðublaða á að senda til Búreikningaskrifstofunnar í lok hvers mánaðar.

Flestir bændur þurfa aðstoð, og þá sérstaklega þeir, sem valdir hafa verið með fyrrgreindri úrtaksaðferð. Reikna má með, að nauðsynlegt verði, að hver bóndi verði heimsóttur minnst tvisvar á ári, eða oftar, auk fundarhalda eða námskeiða.

3. Færslur tölulegra gagna og sundurliðun.

a. **Undirbúningur undir götun.**

Farið verður yfir þessi frumgögn og sjóðsreikningur og viðskiptareikningur stemmdir af mánaðarlega, eða oftar til þess að leiðrétta villur, sem kynnu að hafa slæðzt inn. Úrvinnsla fer fram á þann hátt, að við hverja færslu verður settur bókhaldslykill.

Tekjur verða flokkaðar eftir búgreinum (innifaldar heimanotaðar afurðir) og tekjur utan bús.

Rekstrarkostnaði verður skipt í 1. **breytilegan rekstrarkostnað**, sem flokkast eftir búgreinum. 2. **sameiginlegan rekstrarkostnað**. Þessum tekju- og gjalda-flokkum verður skipt í fleiri eða færri undirflokk. Bæði verð og magn verður tilgreint, eftir því sem við á.

b. **Götun.**

Þegar lokið hefur verið við afstemmingu og að setja bókhaldslykil við allar færslur fyrir hvern mánuð (allir bændur með taldir), hefst götun á 80 dálka spjöld. Spjöldin verða götuð og endurgötuð og afstemmingarlisti gerður mánaðarlega. Áætlað er, að mánaðarfærslur verði um kr. 9000.00.

c. **Samdráttur.**

Eftir árið eru spjöldin dregin saman (sumrugötuð), þannig að út kemur eitt spjald á hvern reikning hvers búreiknings.

d. Efnahagsyfirlit í ársbyrjun og árslok.

Efnahagsyfirliti má skipta í sex flokka:

- a. eigna- og skuldayfirlit,
- b. virðing jarðar, stærð o. fl.,
- c. nákvæmt yfirlit yfir vélar og verkfæri,
- d. nákvæmt yfirlit yfir byggingar,
- e. búfé til eignar,
- f. forði, t. d. hey, kjarnfóður o. fl.

Unnið verður að efnahagsyfirliti jafnóðum og það er til staðar. Magn og verð þeirra atriða, er falla inn í uppgjörið, verður fært á gataspjöld.

4. Rekstraryfirlit.

Hver búreikningur verður gerður upp eftir aðferð, sem ég nefni Búgreinatekjur og Sameiginlegan rekstrarkostnað („Gross Margin Analysis“). Þessi aðferð hefur farið sigurför meðal þróaðra landbúnaðarþjóða á undanförunum 3—4 árum.

Með þessu fyrirkomulagi verður rekstraryfirlit og aðrar þær niðurstöður, sem bóndinn verður að vita, tilbúið skömmu eftir lok reikningsársins, sem hefði það í för með sér, að hann ætti auðvelt með að taka réttar ákvarðanir varðandi skipulagningu búrekstrarins, sem miðaðist að meiri nákvæmni og hagsýni. Ef verkið ætti að vera fullkomið, ætti að gera rekstraráætlun fyrir næsta ár, sem gæfi viðkomandi bónda tilefni til þess að stefna að ákveðnu marki.

5. Ársskýrsla.

Byrjað verður á því að taka meðaltölur yfir rekstraryfirlit ásamt samanburði frá fyrra ári (þó ekki fyrsta árið).

Auk þess þarf að vinna ótal fleiri upplýsingar úr spjöldunum, t. d. finna, hvort pósitíft eða negatíft samhengi er milli hinna einstöku þátta framleiðslunnar, framleiðslukostnaðar eftir landshlutum, bústærð, fleira og fleira.